

Mengunarhætta

Helstu hættur varðandi mengun lands og sjávar eru við meðhöndlun olíunnar og er umfang hættunnar í réttu hlutfalli við þau afköst sem unnið er með. Þannig að stærstu mengunaróhöppin geta orðið við losun úr innflutningsskipum. Er þá helst hætta á að barkar eða tengingar gefi sig, en tengingar viðlagnir og skip eru staðsettar í lekabyttum sem taka við því sem niður fer. Mun minni hætta er á að lagnir gefi sig, en sá möguleiki er þó fyrir hendi.

Geymar stöðvanna geta einnig gefið sig, en líklegast er að annaðhvort lokar geyma eða botnar þeirra gefi sig.

Reynslan hefur þó sýnt að þessi atvik eru afar fátíð og einnig eru geymar í lekaheldum þróm sem eiga að tryggja að olía getur ekki lekið út í umhverfi stöðvanna. Flutningstæki í og við stöðvarnar geta einnig lekið þá einkum í tengslum við lestun, en bílar eru þá staðsettir á áfylliplönunum, tengdum olíuskiljum sem taka við þeirri olíu sem lekið hefur.

Þótt stöðvarnar falli undir reglugerðina vegna brunahættu, er óhjákvæmilegt að taka mengunarhættu einnig með, enda er hún hluti af viðbragðsáætlun stöðvanna.

Eitraðir bílar

04.03.2012



Bandarísk stofnun sem nefnist Ecology Center hefur rannsakað 200 bíla til að komast að því hversu varasamt það getur verið fyrir heilsuna að dvelja í þeim langdvölum.

Þau efni sem notuð eru í innréttingar bíla eins og mælaborð, sæti, stýri, armpúða og jafnvel sætaáklæði innihalda eiturefni í mismiklum mæli sem dreifast um þröngt loftrými bílsins. Við þekkjum flest lyktina sem er inni í bílum, sérstaklega meðan þeir eru nýir og nýlegir. Það er þessi lykt sem inniheldur eiturefnin. Mörg þeirra eru mjög heilsuspillandi og geta valdið fólki bæði tímabundnu sem og varanelgu heilsutjóni. Hægt er að skoða þennan 200 bíla lista á beimasíðu [Ecology Center](#).

„Rannsóknin sýnir að í innréttingum bíla eru hundruð eitraðra efna og efnasambanda og lokað rými bílsins virkar eins og efnahvarfi og hundruð skaðlegra efna og efnasambanda berast stöðugt út í þröngt loftrýmið. Bílar eru þannig verstu eiturholur sem fyrirfinnast í daglegu lífi fólks,“ segir Jeff Gearhart, rannsóknastjóri Ecology Center.

En það eru ekki allir nýir bílar jafnslæmir. Bæði Ford og Volvo hafa tekið upp hjá sjálfum sér að umhverfismerkja tiltekna gerðir bíla og hafa dregið markvisst úr notkun eiturefna í

innréttingar bíla sinna. Að meðaltali hefur Ford tekist vel upp í þessu. Eiturefni í Ford bílum eru að meðaltali 30 prósent færri í árgerð 2012 en var í bílum af árgerð 2009.

Af þeim bílum sem voru rannsakaðir er Honda Civic í nokkrum sérflokkum. Í innréttingum bílsins fyrirfinnast nánast engir þungmálmur né heldur sérstakt eldvarnarefni sem inniheldur frumefnið bróm.

Ástandið reyndist heldur verra í Mitsubishi Outlander/ASX og Chrysler 200. Í þeim fannst b.a. bróm í mælaborði, leður á stýri og miðjustokki reyndist innihalda króm og talsvert af blýi fannst í sætaáklæði.

En greinilegt er að bilaframleiðendur eru byrjaðir að forðast eiturefnin. Þannig reyndust 17 prósent bílanna sem athugaðir voru, algerlega lausir við PVC plast sem var í hverjum einasta nýjum bíl árið 2006. Þá reyndust sex af hverjum tíu algerlega lausir við efnasambönd sem innihalda bróm. Þá eru bílar frá Ford nú með 30 prósent minna af eiturefnum í innréttingum en var árið 2009.